# Útför

## (Hlotinn er friður)

*Ísólfur Pálsson* *Ísólfur Pálsson, 1918*




HLOTINN ER FRIÐUR

Hlotinn er friður, ei hlýðir að kvarta.
Hljóð við nú biðjum guðs eilífu náð.
Líkna oss veikum, ljósið þitt bjarta
lýsi oss ætíð og blessa vor ráð.

Miskunn þín, drottinn sem mildina lér,
miskuna sál þess er kveðjum nú hér,
lífsins á veginn þú leið svo hún megi
lifendum fagna í sælu hjá þér.